

✉ Re: Umsagnarbeiðni - Refahald Melrakkasetur Íslands

Búið til	7.6.2021 09:09:32
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	7.6.2021 09:09:31
Tilheyrir	📁 202101-0030 - Refir: Innlent samstarf 2021

Efni

Re: Umsagnarbeiðni - Refahald Melrakkasetur Íslands

Upplýsingar

Sent	7.6.2021 09:09:31	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	24-2-0 Spendýr - almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	sbeck@umhverfisstofnun.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202101-0030 – 264853 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun dags. 31. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Melrakkaseturs Íslands um refahald.

Nýir rekstraraðilar Melrakkaseturs Íslands, Félagar ehf., óska eftir því að hafa tvær tófur (yrðlinga) í haldi yfir sumarið 2021, sem aðráttarafl fyrir ferðafólk. Tófurnar hafa til afnota aflokað útisvæði og inniaðstöðu.

Eins og kemur fram í bréfi Umhverfisstofnunar er skortur á regluverki um aðbúnað villtra dýra sem haldið er vegna sýningarhalds, umfram ákvæði í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra. Reglugerðir sem skilgreina skilyrði fyrir leyfisveitingu sem heimild er í 26. grein laganna eru ekki til reiðu enn. Ekki er heldur til reglugerð um kröfur um starfsleyfi fyrir rekstri dýragarða. Burt séð frá því er skýrt skv. 23. grein laganna að í þeim tilfellum sem heimild er veitt fyrir föngun og haldi villtra dýra þá þýðir það að ekki sé hægt að sleppa dýrunum aftur eftir að þau hafa verið í haldi.

Villt dýr, þ.m.t. refir, og sérstaklega ung dýr eins og yrðlingar, sem venjast því að vera í haldi manna, fá matargjafir og skjól og að umgangast fólk, gæludýr o.fl. verða fyrir áhrifum sem teljast umtalsvert inngríp í náttúrulega lífsferla og í tilfelli ungra dýra á uppvöxt og þroska. Eðlilegt er og í raun skylda samkvæmt laganna hljóðan að refir, og þá sérstaklega yrðlingar, sem venjast slíku líferni, verði í haldi til frambúðar, ef aðstæður eru viðunandi.

Umsókn Melrakkasetursins gefur til kynna að refunum verði einungis haldið yfir sumarið, þ.e.a.s. í nokkra mánuði. Ekki kemur fram hvaðan refirnir koma, hvort þeir séu fullorðnir eða yrðlingar. Ekki kemur heldur fram hvað gera eigi við refina eftir að þessum tíma lýkur, hvort þeir verði fluttir í hald annars staðar eða hvort stefnt sé að því að þeim verði sleppt, en eins og áður sagði er það óheimilt skv. lögum nr.55/2013 um velferð dýra.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf Melrakkasetrið að greina betur frá áformum sínum áður en ákvörðun er tekin um leyfisveitinguna. Ef ekki stendur til að hafa refina í haldi til frambúðar við ásættanlegar aðstæður leggst Náttúrufræðistofnun gegn leyfisveitingunni.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Steinar Rafn Beck Baldursson" <sbeck@umhverfisstofnun.is>

To: "Steinar Rafn Beck Baldursson" <sbeck@umhverfisstofnun.is>

CC:

Subject: Umsagnarbeiðni - Refahald Melrakkasetur Íslands

Date: 31.5.2021 10:51:39

Umsagnarbeiðni – umsókn um að halda refi

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Melrakkasetri Íslands þar sem óskað er eftir því að halda refi. Meðfylgjandi eru ljósmyndir af aðstöðu refanna og stutt greinargerð frá umsækjanda.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra getur Umhverfisstofnun veitt leyfi til föngunar villtra dýra til nota við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða, til ræktunar og undaneldis eða annarra sambærilegra nota. Umhverfisstofnun skal afla umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Matvælastofnunar varðandi föngun á villtum dýrum áður en leyfi til þess er veitt. Með föngun er átt við það að ná dýri lifandi sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um velferð dýra. Í athugasemdum um ákvæðið segir þó að markmið þess sé að tryggja að dýr séu ekki höfð í haldi að tilefnislausu en að frá því sé undantekning að fengnu leyfi stjórnvalda að undangenginni umsögn.

Umhverfisstofnun er ljóst að ekki hafa verið sett í reglugerð skilyrði fyrir veitingu leyfis sbr. 3. mgr. 26. gr. eða reglugerð um kröfur um aðbúnað villtra dýra í dýragörðum. Umhverfisstofnun er jafnframt ljóst að það gerir afgreiðslu umsagnarinnar erfiða, líkt og fram hefur komið í fyrri umsögnum stofnunarinnar vegna sambærilegra umsókna. Umhverfisstofnun er einnig kunnugt um þá afstöðu Matvælastofnunar að einhvers konar starfsleyfi ætti að vera skilyrði fyrir haldi villtra dýra í dýragarði en í ljósi þess að reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni var felld brott árið með reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra án þess að þar sé fjallað um dýragarða eða starfsleyfi er ljóst að hvorki í lögum né reglugerðum eru gerðar kröfur um starfsleyfi fyrir rekstri dýragarða.

Ekki eru gerðar kröfur um að tiltekin gögn fylgi umsóknum af þessu tagi í lögum eða reglugerðum en óski Matvælastofnun eða Náttúrufræðistofnun Íslands frekari gagna mun Umhverfisstofnun koma þeim skilaboðum áleiðis til umsækjanda.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 8. júní 2021.

Bestu kveðjur, Best regards

Steinar Rafn Beck Baldursson

Sérfræðingur, Advisor

Teymi lífríkis og veiðistjórnunar/Team for Wildlife management

Svið efna, eftirlits og veiðistjórnunar/Department for chemicals, inspection and wildlife management



Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (3 KB)